

Mánudaginn 10. mars 1919.

Nr. 44/1918:

Pjetur Sigurðsson

gegn

sóknarnefnd Eyrarbakka.

D ó m u r:

Með brjefi dags. 5. aprílmán. f. á. beiddist sóknarnefndin í Eyrarbakka sókn lögtaks á sóknargjöldum nokkurra adventista í sókninni fyrir árið 1917, þar á meðal áfrýjanda, Pjeturs Sigurðssonar og 1. maí næst á eftir úrskurðaði sýslumaðurinn í Árnæssýslu að lögtakið skyldi fram fara. Hreppstjórinn í Eyrarbakka hreppi framkvæmdi síðan 21. maí f. á. lögtakið hjá áfrýjanda fyrir sóknargjöldum að upphæð 6 kr. 75 a., en gegn mótmælum gerðarþola, er hann, gerðarþoli, rökstuddi og lagði fram í skrifuðu skjali, dags. samdægurs. Um mótmæli þessi kvað fógetinn í Árnæssýslu upp úrskurð 4. júlí f. á. á þá leið, að mótmælunum var hrundið og lögtaksgerðin staðfest. — Þessum úrskurði hefir Pjetur Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 8. ág. f. á., og krafist þess að lögtaksgerðin og úrskurðurinn verði úrgildi felld, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir fógetarjetti og yfirdómi eptir mati rjettarins. Sóknarnefndin hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, og hefir hann gert þær rjettarkröfur fyrir hönd nefndarinnar, að fógetarjettarúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Áfrýjandi telur sjer óskyldt að greiða hin umkröfðu gjöld, með því að hann te jist til trúarbragða.

flokks Sjöundadagsadventista, er viðurkendur sje í landinu, og ber fyrir sig í þessu efni fyrir mæli stjórnarskipunarlaganna 19. júní 1915, 18. gr. Það er nú eigi heldur vefengt að áfrýjandi sje utanþjóðkirkju- maður, að hann sje adventisti, og að honum sje því óskýlt að greiða persónuleg gjöld til annarar guðs- dýrkunar en þeirrar, er hann aðhyllist, en því er haldið fram að sóknargjöld þau, er hann er krafinn um, beri honum að greiða til Háskóla Íslands, enda er það hins vegar óvefengt, að þótt nokkrir adventistar sjeu í Eyrarbakkasókn, þá hafi þeir eigi myndað söfnuð á þann hátt, að þeir hafi fengið staðfestingu á presti eða forstöðumanni fyrir sig, eins og ráð er fyrir gert í lögum nr. 4, 19. febr. 1886, 13. gr., í lögum nr. 6, 4. mars 1904, 1. gr., og lögum nr. 40, 30. júlí 1909, 2. gr. Þótt nú söfnuður advent- ista í Reykjavík og Hafnafirði hafi fengið opinbera viðurkenningu með því að fá staðfestingu á forstöðu- manni, getur þetta eigi leitt til þess, að adventistar á Eyrarbakka verði taldir heyra til viðurkendum trúarbragðarflokki meðan þeir eigi hafa myndað söfn- uð undir stjórn forstöðumanns eða prests, er fengið hefir staðfestingu konungs eða ráðherra og verður að lita svo á, að það sje svo löguð viðurkenning, sem 18. gr. 3. másl. stjórnarskipunarlaganna 1915 gerir ráð fyrir. Áfrýjandi var því rjettkrafinn um sókn- argjöld árið 1917 til Háskólasjóðs Íslands, og með því enginn ágreiningur er um upphæð galdsins verður að staðfesta lögtaksgerðina og fógetarjettarúrskurð- inn. Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi

greiði málflutningslaun fyrir yfirdómi til hins skipaða málflutningsmanns sóknarnefnarinnar og ákveðast þau 30 kr., en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Það vottast að málsvörnin fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógætarrjettarúrskurður og undanfarandi lögtaksgerð staðfestast. Áfrýjandi Pjetur Sigurðsson greiði skipuðum málflutningsmanni stefndu yfirrjettarmálaflutningsmanni Eggert Claessen málflutningskaup fyrir yfirdómi 30 kr.; að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar sju 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. mars 1919.

Nr 7/1919:

Valdstjórnin

gegn

Carla A. S. Olsen.

D ó m u r :

Í máli þessu er Carla Anna Sophie Angelika Olsen, sem rekur sætindagerð og sætindasölu í hús-